

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

27. október 2025, Reykjavík
UOS2510014/p.S

Umsögn- Matskyldufyrirspurn- Breytingar á Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells

Landsnet áformar að byggja rúmlega 100 km langa 220 kV raflínu, Blöndulínu 3 á milli Blönduvirkjunar og Akureyrar. Umhverfismati fyrir framkvæmdina er lokið en tilkynningin snýr að breytingu á legu aðalvalkostar á einum stað á leiðinni, á landi Mælifells og Starrastaða í Skagafirði. Lengd þessa hluta raflínunar er um 5,3 km og verður línulengdin tæplega 700 m styttri en gert var ráð fyrir í umhverfismatinu.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Raforkueftirlitið, sem er sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunar, samþykkir kerfisáætlun Landsnets sbr. 9. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003 og þarf að sækja um leyfi til Raforkueftirlitsins ef nýtt flutningsvirki er ekki í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar sem samþykkt hefur verið af Raforkueftirlitinu skv. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Áhrif á vatn

Sá hluti línunnar sem breytingin nær til þverar straumvatnshlotið Mælifellsá (nr. 101-1594-R). Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að áhrif línulagnar á ána eru óveruleg þar sem leiðarar liggja yfir ánni og ekki þörf á að raska henni. Umhverfis- og orkustofnun bendir þó á að þar sem mögulegt er að vatnshlotið verði fyrir áhrifum á framkvæmdartíma er mikilvægt að áhrif á vatnshlotið séu metin og að það sé gert í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar [um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)¹. Áhrifamatið þarf að liggja fyrir áður en leyfi eru veitt til þess að leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess við leyfisveitingu.

Í greinargerð fyrir breytingunni er vísað í umhverfismat sem unnið var árið 2022. Í kafla 11.4.1 í umhverfismati er yfirlit yfir þau straumvötn þar sem áform eru um efnistöku eða munu verða þveraðar af 132 kV jarðstreng. Hins vegar er ekki gert grein fyrir áhrifum á gæðþætti straumvatnshlotanna í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en gera þarf grein fyrir þeim. Umhverfis- og orkustofnun vill benda framkvæmdaraðila á það þarf að vinna áhrifamat fyrir öll þau vatnshlot sem kunna að verða fyrir áhrifum við byggingu Blöndulínu 3,

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.](#)

ekki bara þess hluta línunnar sem umrædd breyting nær til, hvort það er vegna lagningu jarðstrengjar, efnistöku, vegagerðar eða lagningu loftlínu. Slíkt áhrifamat þarf að fylgja með umsóknum um viðkomandi leyfi. Mikilvægt er að ástand vatnshlota hraki ekki við framkvæmdina, enda eru umhverfismarkmið vatnshlota lagalega bindandi skv. lögum um stjórn vatnamála.

Umhverfis og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að vel sé hugað að mengunarvörnun við lagningu línunnar til að draga úr líkum á mengun í grunn- eða yfirborðsvatns.

Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að umrædd breyting á framkvæmd á landi Starrastaða og Mælifells, eins og hún er sett fram í skýrslunni, ætti ekki að hafa slík umhverfisáhrif að þörf sé á nýju umhverfismati. Stofnunin ítrekar þó að unnið sé ítarlegt áhrifamat áður en leyfi eru veitt. Stofnunin tekur fram að ofangreint mat er aðeins byggt á þeim þáttum sem heyra undir starfssvið stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Þorbjörg Sigfúsdóttir

Sérfræðingur

Margrét Mjöll Benjamínsdóttir

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 29. október 2025
202509-0178/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn - Breytingar á Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells - Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 30. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um fyrirspurn um matsskyldu vegna breytinga á legu Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells í Skagafirði.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að breytingin á legu Blöndulínu 3 taki til um 5,3 km kafla í landi Mælifells og Starrastaða í Skagafirði. Lagt er til að línuleiðin færist til suðurs og ofar í landið, þar sem hún verði að hluta fjær byggð og í meira samræmi við landnotkun á svæðinu. Lengd línunnar styttest um 689 m miðað við fyrri legu, og möstrum fækkar úr 18 í 17. Mesta færsla frá fyrri legu er um 2,1 km.

Samkvæmt greinargerðinni er breytingin fyrst og fremst liður í því að koma til móts við óskir landeigenda, og er talið að hún hafi í för með sér minna rask en áður var gert ráð fyrir. Núverandi slóðar og vegir verða nýttir eftir því sem kostur er.

Efnisþörf vegna breytingarinnar verður sambærileg og áður var gert ráð fyrir í umhverfismati Blöndulínu 3, og áætlað er að rask verði minna þar sem möstrum fækkar og línuleið styttest. Fram kemur að gerðar verði ráðstafanir til að takmarka áhrif á gróður og yfirborð, þar á meðal með endurnýtingu svarðlags, sáningu og áburðargjöf á raskað svæði að framkvæmdum loknum.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er um að ræða tiltölulega afmarkaðar breytingar á legu línunnar, þar sem umfang rasks og efnistöku minnkar að einhverju leyti miðað við fyrri áætlanir. Á hinn bóginn kann ný lega, þar sem hún liggur ofar í landinu og þverar að hluta brekkur og hlíðar, að valda breyttri ásýnd frá nálægum bæjum og leiðum, sem nánar er fjallað um í sérstökum kafla um landslag og ásýnd.

Vistgerðir og fuglalíf

Vistgerðir

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að línuleið Blöndulínu 3 á þessum stað liggja að langmestu leyti um vel gróið land á láglandi, þar sem ríkjandi eru mólendi og eyrar, en einnig komi fyrir votlendi á afmörkuðum svæðum. Alls voru kortlagðar 21 landvistgerðir í sjö vistlendum, auk ár og vatna sem ekki voru flokkuð til vistgerða. Óljóst hvað er átt er við með „á þessum stað“ Er það rannsóknarsvæðið, línuleið í MÁU eða færsla á línu sbr. mynd 1.1?

Auk þess segir að verndargildi vistgerða á línuleiðinni var metið lítið til miðlungs, og áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir því talin nokkuð neikvæð.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ eru innan framkvæmdarsvæðisins m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Mikilvægt er að hafa þó í huga að viðmiðunarmælikvarði vistgerðarkotlagningar er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka framkvæmdasvæðisins.

Niðurstaða framkvæmdaraðila er því ekki í samræmi við vistgerðarkortið um verndargildi vistgerða. Auk þess er ekki fjallað um í töflu 5.2. að innan framkvæmdasvæðisins eru vistgerðir sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum sbr. viðauka 2 í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í vel grónu landi á hálendum köflum getur verið erfitt og í sumum tilfellum að því er virðist nánast ómögulegt að bæta fyrir gróðurskemmdir sem óhjákvæmilega fylgja línulögnum. Eftir því sem framkvæmdasvæði liggur hærra í landi verður gróður viðkvæmari fyrir raski og veit Náttúruverndarstofnun dæmi þess að í masturstæðum á Laxárdalsheiði þar sem lína var lögð fyrir hátt í 50 árum síðan er gróðurframvinda á stöðum þar sem svarðlag hefur verið fjarlægt nánast engin. Náttúruverndarstofnun telur að framkvæmdir á votlendissvæðum verði vandasamari því hærra yfir sjávarmáli framkvæmdin er. Frágangur og uppgræðsla með staðargróðri er vandasöm og er besta ráðið að raska gróðri sem minnst og helst að forðast alfarið að ráðast í mannvirkjagerð á slíkum svæðum.²

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að mófuglategundirnar lóupræll, spói, þúfuttittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps. Samkvæmt rannsóknum sem fylgja umhverfismatsskýrslu segir að Kiðaskarðsleiðin A1 liggur um gróið mólendi og votlendi með tiltölulega dreifðu fuglalífi, þar sem þúfuttittlingur er algengasti fuglinn. Aðrar tegundir eru heiðlóa, spói, lóupræll, hrossagaukur og nokkrar válistategundir eins og snjótittlingur. Mat á umhverfisáhrifum bendir til að A1 hafi svipuð áhrif á fuglalíf og leið A2; báðar leiðir fara framhjá tveimur fálaóðulum og áhættan á áflugi er mest fyrir rjúpu. Röskun á fuglalífi er metin sem nokkuð neikvæð en ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á stofnstærðir fugla að því tilskyldu að mótvægisáðgerðir, svo sem vandaður frágangur við votlendi og takmörkun framkvæmda á varptíma, verði fylgt.

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

² https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%3b%b6gn%20UMS%20Bl%3b%b6ndul%3b%adna%203_undirr.pdf

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Ef framkvæmd þarf að fara fram á varptíma

Þar sem framkvæmdasvæðið er kjörið búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.³

Fækkun mófugla – Rannsóknir af Suðurlandi

Náttúruverndarstofnun bendir að fuglalíf er undir álagi, en talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.⁴ Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁵ Náttúruverndarstofnun bendir á að heiðlóa, lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands⁶ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofninum verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Stofnstærð mófugla og válistaflokkun

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁷, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeýðing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur

³ Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, þoka. Sótt 28. ágúst

⁴ Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

⁵ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁶ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

⁷ Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025

hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Víðerni

Í fyrirbyggjandi tilkynningu Landsnets um breytingu á legu Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells er óljóst hvort fjallað sé um óbyggð víðerni, hvorki sem umhverfisþátt né sem hluta af kafla um landslag og ásjúnd.

Náttúruverndarstofnun vill vekja athygli á:

- Svo virðist sem engin greining, kort eða umfjöllun er lögð fram um áhrif framkvæmdarinnar á svæði sem bera einkenni óraskaðs lands eða víðernisupplifunar.
- Skipulagsstofnun áréttaði jafnframt að Landsnet hefði getað og átt að nýta fyrirbyggjandi rannsóknargögn og kortlagningu óbyggðra svæða, m.a. gögn Háskóla Íslands (Rannsóknasetur á Hornafirði 2017–2021) og Wildland Research Institute (2021), til að leggja mat á víðerni á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að til er kort sem var unnin af Umhverfisstofnun árið 2009.
- Þó svo að þessi gögn og aðferðir séu ólíkar og þessi kort hafi ekki lögformlega stöðu væru hægt að nýta þessi fyrirbyggjandi gögn í umhverfismati.
- Náttúruverndarstofnun bendir á að eitt markmiða náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er að standa vörð um óbyggð víðerni.
- Samkvæmt 19. tölulið 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er *óbyggt víðerni* skilgreint sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð og að jafnaði a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum eða tæknilegum ummerkjum, svo sem vegum, orkuverum og raflínum. Á slíkum svæðum á að vera unnt að njóta einveru og ósnortinnar náttúru án truflunar.
- Skilgreiningu á óbyggðum víðernum var breytt með lögum árið 2020. Varðandi ástæðu breytingarinnar á skilgreiningunni, þá segir í greinargerðinni að eins og ákvæðið var orðað áður gátu mannvirki og önnur tæknileg ummerki í allt að 5 km fjarlægð í einum firði/dal komið í veg fyrir að svæði í næsta firði/dal gæti verið skilgreint sem óbyggð víðerni, þrátt fyrir að landfræðilegar aðstæður væru þannig að mannvirkið sæist ekki frá hinu óbyggða víðerni.
- Miðað við fyrirbyggjandi gögn og rannsóknir sem fjallað var um hér að ofan telur Náttúruverndarstofnun að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á víðerni, einkum þar sem línan er færð ofar í land og nær óröskuðum hlíðum í Kiðaskarði og Mælifellsdal.

Valkostir

Í greinargerð framkvæmdaraðila er rakið að breytingin í landi Starrastaða og Mælifells sé liður í endanlegri hönnun og staðsetningu Blöndulínu 3, sem áður hefur verið tekin til mats samkvæmt lögum nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana.

Náttúruverndarstofnun bendir á að almennt sé æskilegt að velja þessum mannvirkjum stað í samræmi við fyrirbyggjandi innviði, s.s. vegi og aðrar háspennulínur, fremur en að fara inn á ný og óröskuð svæði með hátt náttúruverndargildi. Slíkt fyrirkomulag er í samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem kveðið er á um að við uppbyggingu mannvirkja skuli gætt samræmis við landslag og umhverfi og forðast óþarfa sjónræn áhrif.

Að mati Náttúruverndarstofnunar uppfyllir Blöndulína 3 þessi viðmið að hluta til, einkum á kafla frá Héraðsvötnum að Akureyri, þar sem hún fylgir þjóðvegi og eldri háspennulínu. Hins vegar liggur línan samkvæmt aðalvalkosti (leið B1b) að hluta til um nánast óraskað land í Kiðaskarði og í suðurhluta Skagafjarðar, þar sem víðast er gróið land og verulegt votlendi. Þessi hluti línunnar hefur verið talinn umhverfislega viðkvæmastur.

Náttúruverndarstofnun telur að leiðir A1 og B1b séu almennt verstu kaflar aðalvalkostarins hvað varðar umhverfisáhrif, þar sem áhrif á gróður, votlendi og landslag eru mest. Þá er rétt að minna á að sjónræn áhrif, sem eru meðal helstu ástæðna þess að valin var fjarlægari lega frá byggð, geta í raun leitt til aukinna áhrifa á landslag og víðerni og skerðingar á óröskuðum svæðum, sem stangast á við meginmarkmið laga um náttúruvernd og sjálfbæra landnotkun.

Að mati stofnunarinnar er því leið A2 um Vatnsskarð að tengivirki við Varmahlíð umhverfislega hagstæðasti kosturinn. Sá valkostur krefst minna rasks á grónu landi en leið A1, felur ekki í sér jafn mikla þverun votlendis og gæti jafnframt dregið úr þörf fyrir jarðstreng eins og gert er ráð fyrir í aðalvalkosti.⁸

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar er breytingin á legu Blöndulínu 3 í Skagafirði tiltölulega afmörkuð en felur þó í sér færslu línunnar ofar í land og nær óröskuðum hlíðum þar sem náttúrufar og víðernisupplifun er viðkvæm. Í fyrri umsögnum lagði stofnunin til að valkostur A2 myndi verða skoðaður nánar. Einnig er óljóst hvort greining hafi verið gerð óbyggðum víðernum fylgir tilkynningunni þrátt fyrir fyrri ábendingar Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

⁸ https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20b6gn%20UMS%20Bl%20b6ndul%20adna%203_undirr.pdf

Náttúruverndarstofnun

Fullgild rafraen undirskrift

SKÚLI ÞÓRDARSON

2025-10-29 14:59:50 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

AXEL BENEDIKTSSON

2025-10-29 15:10:12 GMT

Ástæða: Undirskrift



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 1. nóvember 2025

Málsnúmer: 202510-0003

BK

Efni: Breytingar á Blöndulínu 3 - Matsskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 30. september 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna breytinga á Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells. Lengd þess kafla þar sem gert er ráð fyrir breytingum á línuleiðinni er um 5,3 km og verður línulengd eftir breytingar tæplega 700 m styttri en áform voru um í matinu. Mesta færsla á línuleið er um 2,1 km og möstrum mun fækka um eitt í 17. Breyting á línuleið hefst skammt suðvestan fyrirhugaðs tengivirkis austan við Mælifellsá í landi Reykjasels og liggur þaðan til austurs og norðausturs um land Mælifells og Starrastaða.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn framkvæmdaraðila og telur að fyrirbyggjandi umhverfismat sé nægjanlegt og ekki þurfi sérstakt umhverfismat vegna færslu Blöndulínu 3 á þessum kafla. Stofnunin vill þó koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

„Rannsóknir sem unnar voru í tengslum við umhverfismat Blöndulínu 3 voru nýttar til að gera grein fyrir grunnástandi og hugsanlegum áhrifum á breytti línuleið.“ Breytt línuleið liggur allnokkru hærra í landinu en fyrri tillaga á þessu svæði, allt að 500 m h.y.s. Vistlendakort, sem byggir á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar, sýnir helstu vistlendi á áhrifasvæði breyttrar línuleiðar á þessum kafla. Í fljótu bragði gefur kortið nokkuð raunsanna mynd af helstu vistlendum á línuleiðinni sem eru að mestu mólendi og moslendi sem og votlendi lægra í landinu, í jaðri Selfóa við upphaf breytingar og svo í hlíðardrögum þar sem breytt línuleið liggur niður á átt að Starrastöðum.

Athygli er vakin á því að viðkvæmni gróðurs eykst gjarnan eftir því sem hann liggur hærra í landinu.

Þá þarf að uppfæra og skýra betur texta með hliðsjón af breytingum á þessum tiltekna kafla á línuleið valkostar A1.

1. Ónákvæmni í texta varðandi umhverfismat.

„Niðurstaða umhverfismats Blöndulínu 3 var sú að á línuleiðinni á þessum stað er farið að langmestu leyti um vel gróið land á láglandi.“

Ef þarna er verið að vísa í samantekt í umhverfismatsskýrslu Blöndulínu 3 (25.3.2022) þá nær umhverfismatið til línuleiðar valkostar A1 Kiðaskarðsleið frá Blöndustöð um Kiðaskarð og að nýju tengivirki í Mælifellsdal. Samkvæmt lýsingu í umhverfismatsskýrslu frá 2022 liggur leiðin um votlendissvæði, viðkvæm heiðarlönd og lítt raskað land. Rétt er að land er almennt vel gróið á línuleið valkostar A1 en almennt er vart hægt að tala um að hún hafi að mestu verið á láglandi þó að línuleiðin



hafi upphaflega legið í um 200 m h.y.s. á þessum kafla ofan við bæinn Mælifell og jafnvel víðar. Jarðstrengsleið sem fylgir þessum kosti er hins vegar um láglendi frá nýju tengivirki við Mælifellsá að núverandi tengivirki við Varmahlíð. Náttúrufræðistofnun er hins vegar ekki kunnugt um að sérstakt umhverfismat hafi verið gert á þessum tiltekna kafla heldur náði það til valkostarins í heild. Áður hefur verið lögð fram færsla línuleiðar frá upphaflegri línuleið á valkosti A1 á þessum kafla og hún færð ívið hærra upp í landið (Breyting á Blönduhlíð 3, fyrirspurn um matsskyldu, september 2023). Sú breyting sem hér er til umfjöllunar í landi Starrastaða og Mælifells liggur enn hærra í landinu og er frá um 300 m h.y.s við Selfóa og allt að 500 m þar sem hún fer hæst og því ekki um að ræða láglendi að langmestu leyti.

2. Ósamræmi í texta um algengustu vistlendi miðað við það sem sést á vistlendakorti.

„Mest er um mólendi og eyrar, en einnig er nokkuð um votlendi. Verndargildi vistgerða á þessari leið er metið lítið til miðlungs. Áhrif eru þannig talin nokkuð neikvæð á vistgerðir og flóru.“

Í umhverfismatsskýrslu var grunnástand vistgerða (mikilvægi búsvæða) á línuleið valkostar A1 metin miðlungs, flóru lítil til miðlungs og viðkvæmni miðlungs. Ljóst er að hér er aðeins um að ræða hluta af þeirri leið og því getur mat á grunnástandi breyst. Hins vegar ef lítið er á vistlendakort undir breyttri línuleið í landi Starrastaða og Mælifells (Mynd 4.1. bls 11) er ekki um neinar eyrar að ræða. Hér hefur verið tekinn nær óbreyttur texti úr greinargerð frá september 2023 um fyrirspurn um matsskyldu um breytingar á Blöndulínu 3, þar sem fjallað er um breytingar á línuleið Blöndulínu 3 frá umhverfismatsskýrslu, nánar tiltekið við Mælifell, Brúnastaði og Héraðsvötn (sjá bls. 21 – 23 og mynd 4.2 í kafla 4.1 í greinargerð um breytingar á Blöndulínu 3, september 2023). Eyrar voru áberandi vistlendi þar sem fyrirhugaðar breytingar voru á línuleið yfir Héraðsvötn.

Að lokum vill Náttúrufræðistofnun ítreka að með auknu umfangi flutningskerfisins þarf að koma til markviss vöktun á áflugi til að greina betur við hvaða aðstæður mest hætta er á áflugi og meta hvernig hægt sé að grípa til aðgerða til að draga úr líkum á því. Meðal annars ætti að skoða möguleikann á að fá þjálfaðan hund til hræleitar undir raflinum þar sem það dregur mjög úr skekkjum sem eru til staðar í slíkum rannsóknum.¹

Þekkt er að t.d. hafirnir fljúga á raflínur. Í Skagafirði er umtalsverð umferð ungra arna, einkum við Héraðsvötn, og einnig hafa ernir farið um svæðið sem hér er til umfjöllunar (Náttúrufræðistofnun, óbirt gögn).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

¹ Domínguez del Valle, J., Cervantes Peralta, F. and Jaquero Arjona, M.I., 2020. Factors affecting carcass detection at wind farms using dogs and human searchers. *Journal of Applied Ecology*, 57(10), pp.1926-1935.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

Skipulagsstofnun
Bt. Jakobs Gunnarssonar

Dags. 31. október 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0255

Með erindi dags. 30. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um breytingar á Blöndulínu 3 í landi Starrastaða og Mælifells.

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingar þessar.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði